

	Gjöld.	Kr.	Aur.
1. Til sakamála, lögreglumála og gjafsóknarmála m. fl.		900	"
2. Endurgjald alþingiskostnaðar		1092	52
3. Til yfirsetkvenna		"	"
4. Til bóluþættinga og annara heilbrigðismálefna		280	"
5. Ferðakostnaður embættismanna		350	"
6. Kostnaður við kennslu heyrnar- og málleysingja		1200	"
7. Til sáttamálefna	)	50	"
8. Endurgjald á lánum			
a, lán vegna fjárkláðans		1000 kr.	
b, lán í tilefni af fangelsisbyggingum		664 —	1664
9. Kostnaður við amtsráðið		100	"
10. Til varðkostnaðar		1120	"
11. Ýmisleg útgjöld		100	"
12. Sjóður við árslok		500	"
	Samtals	7356	52

Tekjur:

1. Í sjóði frá f. ári	"	"
2. Niðurjöfnun á lausafje í amtinu	7356	52

Athugasemdir:

Við 3. gjaldlið: Til yfirsetkvenna er ekkert fje ætlað með tilliti til þess, að eptir lagafrumvarpi, sem samþykkt var á alþingi, á jafnaðarsjóðurinn að vera laus við slík gjöld

Við 10. gjaldlið: Af hinum áætlaða varðkostnaði, að því leyti sem hann greiðist af jafnaðarsjóðnum, er hjer til færður helmingur, en hinn helmingurinn er ætlað til að greiðist á árinu 1877.

Áætlunin er sámin eptir fyrirmynd, sem landshöfðingiinn yfir Íslandi hefur samþykkt fyrst um sinn.

Reykjavík, 23. október 1875.

Bergur Thorberg.

Stjórnarbrjef og auglýsingar.

Brjef landshöfðingja (til amtmannsins yfir norður- og austur-umdæminu).

66
6ta
septbr.

Tilkynnt amtmanninum, að bókagjöl frá Ameríku til amtsbókasafnsins á Akureyri hafi komið til Kaupmannahafnar og verið send þaðan með seglskipi beinlínis til Akureyrar.

Brjef landshöfðingja (til beggja amtmanna).

67
21sta
septbr.

Með þessu brjefi var lagt fyrir amtmenn að gjöra það kunnugt í umdæmum þeirra, að Chr. Aug. Thorne í Moss í Noregi, sem á verkstað til að varðveita matvæli gegn skemmdum, og hefur kennt 2 Íslendingum aðferðina við að sjóða niður lax og sauðakjöt, hafi boðizt til að kenna öðrum Íslendingum kauplaust þessa iðn sína.

Brjef landshöfðingja (til amtmannsins yfir norður- og austur-umdæminu).

68
25ta
septbr.

Með brjefi frá 21. júlí þ. á. senduð þjer herra amtmaður erindi bæjarfógetans á Ak-